



Samband íslenskra sveitarfélaga  
Borgartún 30  
105 Reykjavík

Dagsetning 5.9.2025  
Málsnúmer FRN25050071

## Móttaka einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi.

Í júní síðastliðnum kynnti ráðuneytið fyrir Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þeim sveitarfélögum sem eru þátttakendur í samræmdri móttöku flóttafólks hugmyndir að breytingum á núverandi fyrirkomulagi í tengslum við móttöku einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi. Í því sambandi var meðal annars rætt hvort falla ætti frá gerð þjónustusamninga milli ríkis og sveitarfélaga í núverandi mynd.

Í kjölfarið hafa sveitarfélög greint ráðuneytinu frá þeim áskorunum varðandi starfsmannahald sem þau standa frammi fyrir, meðal annars í tengslum við hugsanlegar uppsagnir starfsfólks sem nú sinnir þjónustu við einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi, hætti ríkið að gera þjónustusamninga við sveitarfélög um samræmda móttöku flóttafólks.

Mikilvægt þykir að allir hlutaðeigandi hafi nægan tíma til að kynna sér þær breytingar sem verða á fyrirkomulagi í tengslum við móttöku einstaklinga sem fengið hefur vernd hér á landi, komi til þess að slíkar breytingar verði ákveðnar, og geti brugðist við eftir því sem við á. Í ljósi þess er gert ráð fyrir að í frumvarpi, þar sem kveðið verði á um slíkar breytingar, verði jafnframt kveðið á um að gildistaka breytinga sem snúa að móttöku einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi verði sex mánuðum eftir að frumvarpið verður samþykkt sem lög á Alþingi.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið vill með bréfi þessu upplýsa um framangreint. Enn fremur vill ráðuneytið með bréfi þessu upplýsa um að ekki er fyrirhugað að leggja fram frumvarp á haustþingi 2025 þar sem kveðið yrði á um breytingar á fyrirkomulagi í tengslum við móttöku einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi.

Fyrir hönd ráðherra,

Bjarnheiður Gautadóttir

Ásta Margrét Sigurðardóttir

Afrit: Vinnumálastofnun, Akraneskaupstaður, Akureyrarbær, Árborg, Borgarbyggð, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Hornafjörður, Ísafjarðarbær, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjanesbær og Reykjavíkurborg.